I. Til ríkisstjórnarinnar um verðtryggingu sparifjár.

Frá Gylfa Þ. Gíslasyni.

Hefur farið fram athugun á því, hvort og með hverju móti takast mætti að tryggja verðgildi sparifjár, svo sem gert var ráð fyrir í þingsályktun, samþykktri 5. febr. 1953? Ef svo er, hvað hefur hún þá leitt í ljós í aðalatriðum?

II. Til viðskiptamálaráðherra um álagningu á innfluttar vörur o. fl.

Frá Gylfa Þ. Gíslasyni.

1. Er enn safnað skýrslum um álagningu á innfluttar vörur, sem eru ekki háðar verðlagsákvæðum, svo sem byrjað var á, þegar verðlagsákvæði voru afnumin?
2. Ef svo er ekki, hvers vegna var því þá hætt?
3. Ef svo er, hvers vegna eru þær þá ekki birtar?
4. Hver var kostnaðurinn við framkvæmd verðlagseftirlits (verðgæzlu):
   a) 1949,
   b) 1952?

III. Til viðskiptamálaráðherra um olíumál.

Frá Hannibal Valdimarssyni.

1. Hvaða innkaupsverð pr. tonn var á olíum þeim, sem ríkisstjórnin festi kaup á í Rússlandi?
2. Var olíufélögunum framseldur samningur ríkisstjórnarinnar, og ef svo er, þá með hvaða kjörum?
3. Er olíusamlögum útvegsmanna og sjómanna heimilt að ganga inn í samningana milliliðalaust og án milliliðakostnaðar?
4. Hvaða farmgjaldakjör hafa náðst við þessi miklu heildarinnkaup á olíum?
5. Kemur engin verðlækkun á olíum útvegsmönnum og öðrum notendum olíunnar til góða vegna hagkvæmra stórinnkaupa og hagstæðra farmgjalda?

IV. Til viðskiptamálaráðherra um eftirlit með samningunum um lausn vinnudeilunnar í desember 1952.

Frá Bergi Sigurbjörnssyni.

1. Á hvern hátt er það tryggt af hálfu ríkisstjórnarinnar, að sú lækkun álagningar á neyzluvörur komi til framkvæmda, sem lofað var og samið var um í sambandi við lausn vinnudeilunnar í desember 1952?
2. Er ríkisstjórninni kunnugt um, hvort þessi ákvæði kjarasamninganna frá desember 1952 hafi verið haldin af hlutaðeigandi aðilum svo sem til var ætlazt?
3. Gilda sömu reglur um verðútreikninga á umræddum vörum eins og þeim vörum, sem enn þá eru undir verðlagsákvæðum?
4. Hvaða viðurlög liggja við því, ef innflytjendur brjóta umrætt samkomulag eða bregða út af eigin tilboði um hámarksálagningu á þær vörutegundir, sem lagðar voru til grundvallar við lausn vinnudeilunnar í desember 1952?